

Alþingi

Erindi nr. P 139/1517

komudagur 25.2.2011

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 24. febrúar 2011
Tilvísun 111
MKÁ

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um hlutafélög, nr. 2/1995, með síðari breytingum, 176. mál

Vísað er til tölvupósts viðskiptanefndar Alþingis frá 3. febrúar 2011 þar sem óskað var umsagnar NASDAQ OMX Iceland hf. (Kauphöllin) um frumvarp til laga um breytingu á lögum um hlutafélög, nr. 2/1995. Í frumvarpinu eru settar fram tillögur um að búa til tegund hlutafélaga með gagnsætt eignarhald.

Kauphöllin tekur undir að markmið frumvarpsins um gagnsæi í rekstri hlutafélaga sé mikilvægt. Ljóst er að nauðsynlegt er að stefna að gagnsærra samfélagi og er það stór þáttur í því að auka skilvirkni efnahagslífsins og trúverðugleika fjármálakerfisins. Kauphöllin telur því að gagnsæi sé mikilvægur liður í því að hægt sé að efla traust fjárfesta og almennings á íslensku viðskiptalífi.

Kauphöllin vill þó koma fram með þá ábendingu að hugað sé að samræmingu við lagasetningu annarra Evrópuríkja. Ósamræmi í lagasetningu geti skert samkeppnisgrundvöll íslenskra félaga og því sé nauðsynlegt að farið sé vandlega yfir hvort samskonar reglur verði með einhverjum hætti útfærðar innan Evrópusambandsins. Enn fremur telur Kauphöllin rétt að benda á að löng og góð reynsla er af almennum hlutafélögum (hf.) og vert sé að íhuga hver staða almennra hlutafélaga yrði ef frumvarpið næði fram að ganga, þ.e. hvort stofnun tegundar gagnsærra hlutafélaga sé til þess fallin að grafa undan trausti til þeirra félaga sem ekki hafa ávinning af eða möguleika á að færa sig undir hið nýja hlutafélagform. Má í þessu sambandi sérstaklega benda á að samkvæmt frumvarpinu þarf, til að ná fram breytingu frá almennu hlutafélagi í gagnsætt hlutafélag, samþykki hluthafa sem ráða yfir meiru en 9/10 hluta þess hlutafjár sem farið er með atkvæði fyrir á hluthafafundi. Er því líklegt að fjöldinn allur af almennum hlutafélögum og þá jafnframt félögum sem tekin hafa verið til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði, hafi ekki tilefni til eða möguleika á því að færa félagformið yfir í gagnsætt hlutafélag.

Virðingarfyllst,



f.h. NASDAQ OMX Iceland hf.
Magnús Kristinn Ásgeirsson,
lögfræðingur